

## Til Byggðaráðs Rangárþings ytra

Til : Jón Valgeirsson <jon@ry.is>  
Frá : Hafsteinn Karlsson <hafsteinn.karlsson@gmail.com>  
Heiti : Til Byggðaráðs Rangárþings ytra  
Málsnúmer : 2604004  
Málsaðili : Hafsteinn Karlsson  
Skráð dags : 07.04.2026 15:01:10  
Höfundur : Hafsteinn Karlsson <hafsteinn.karlsson@gmail.com>

You don't often get email from hafsteinn.karlsson@gmail.com. [Learn why this is important](#)

### Erindi varðandi viðhald og ástand Réttarnesvegur

Þann 18. apríl 2025 sendi stjórn Félags sumarhúsa- og lóðaeigenda í Fjallalandi, Rangárþingi ytra, erindi til byggðaráðs þar sem þess var farið á leit að sveitarfélagið gerðist formlegur veghaldari Réttarnesvegur. Í svari byggðaráðs, dags. 25. júní, var beiðninni hafnað en jafnframt áréttað að komi til vegabóta í landi sveitarfélagsins yrði það skoðað sérstaklega.

Sá hluti vegarins sem hér um ræðir liggur meðfram skógræktargirðingu og er að öllu leyti í landi sveitarfélagsins, en hvorki í landi Leirubakka né innan skipulags frístundabyggðarinnar. Þessi vegarkafli er mikilvægur aðkomuvegur að frístundabyggðinni. Samkvæmt skipulagssamþykktum setti sveitarfélagið það skilyrði, fyrir nýtingu landeiganda Leirubakka á veginum sem aðkomuveg, að hann sæi um uppbyggingu og viðhald hans.

Samkvæmt lögfræðilegu álitum sem félagið hefur undir höndum ber okkur að beina athugasemdum vegna vegarins til sveitarfélagsins. Það er svo hlutverk sveitarfélagsins að koma þeim athugasemdum áfram til þess aðila sem það hefur falið viðhaldið, þ.e. landeiganda á Leirubakka. Sumarhúsaeygendur á svæðinu greiða fasteignagjöld til sveitarfélagsins og eiga rétt á því að aðkomuvegur á landi sveitarfélagsins sé í viðunandi ástandi, þannig að tryggt sé að fólk komist að eignum sínum án þess að eiga á hættu tjón á farartækjum.

Ástand Réttarnesvegur er afar slæmt og hefur verið það um nokkurt skeið. Vegurinn er sums staðar að sökkva, auk þess sem á honum eru stórir pollar, djúpar holur og hjólför. Brýnt er að ráðast í vegabætur við fyrsta tækifæri. Það er sanngjörn krafa að sveitarfélagið, sem eigandi landsins, hlutist til um það í samstarfi við landeiganda á Leirubakka að vegurinn verði færður í sómasamlegt horf sem fyrst.

Við óskum eftir því að sveitarstjórn bregðist skjótt við þessu erindi og hlutist til um úrbætur.

Undirritaður gefur fúslega frekari upplýsingar ef þarf.

Virðingarfyllst,

F.h. stjórnar Félags sumarhúsa- og lóðaeigenda í Fjallalandi

*Hafsteinn Karlsson*

[hafsteinn.karlsson@gmail.com](mailto:hafsteinn.karlsson@gmail.com)

Sími 821 1630